

4. september 2012

Á árinu 2012 hefur menningar- og ferðamálanefnd ásamt menningar- og ferðamálafulltrúa unnið að gerð ferðamálastefnu. Lengi hefur vantað stefnu í ferðamálum og ákvað menningar- og ferðamálanefnd að ráðast í verkefnið og er yfirskriftin Samráð og samvinna enda tveir lykilþættir að því markmiði að auka komur ferðamanna til Hafnarfjarðar og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra. Stefnan er raunsæ en yfirgripsmikil og mörg svið bæjarins þurfa að koma að því að gera hana að veruleika en einnig félagasamtök og samstarfsaðilar bæjarins á sviði ferðamála. Líklega er stærsta áskorunin sú að stefnan fái sess og áheyrn hjá öllum sviðum og deildum enda koma ferðamál við sögu skipulagsmála, framkvæmda, íþróttu og tómsunda, umhverfismála, menningamála og að sjálfsögðu þarf fjármagn einnig að fylgja ákvörðum um þau verkefni sem stefnan leggur til að ráðist verði í.

Og nú er komið að því að senda drög að stefnunni til umsagnar í ráðum og nefndum bæjarins, til ferðamálasamtaka Hafnarfjarðar, félagasamtaka og til ferðaþjónustufyrirtækja.

Hér með óskar menningar- og ferðamálanefnd eftir umsögn bæjarráðs, umhverfis- og framkvæmdaráðs, skipulags- og byggingarráðs, fjölskylduráðs, íþróttu- og tómsundanefndar, hafnarstjórnar, forstöðumanna safna og upplýsinga- og kynningarfulltrúa. Allar athugasemdir eru vel þegnar. Óskað er eftir umsögnum fyrir 1. október 2012 og skal senda þær á Marín Hrafnadóttir, marin@hafnarfjordur.is.

Fyrir hönd menningar- og ferðamálanefndar

Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi